Sýnataka á skeldýrum vegna greiningar á aðskotaefnum

Notkunarsvið:

Sýnatökuleiðbeiningar vegna mælinga á þungmálmum, díoxínum, PCB efnum og öðrum aðskotaefnum.

Efni og áhöld

- Polyethylene plastpokar
- Límmiðar
- Vatnsheldur tússpenni
- Sýnatökuseðill EBL-008
- Frauðplastkassi

Sýnataka og meðhöndlun sýna

a) Sýni tekið af skeldýrum í sjó.

1. Sýni af villtum skeldýrum skal taka frá stað sem er einkennandi fyrir þann hluta veiðisvæðisins þar sem uppskera er fyrirhuguð eða frá fyrirfram skilgreindum sýnatökustað.
2. Sýni af lifandi kræklingum frá ræktunarsvæði með ræktunarböndum / ræktunarsokkum skal taka þannig að hvert sýni verði einkennandi fyrir þann hluta ræktunarsvæðisins þar sem uppskera er fyrirhuguð eða frá fyrirfram skilgreindum sýnatökustað. Hvert sýni skal vera einkennandi fyrir alla lengd línunnar.
3. Ef sýni tekið af stærra svæði þar sem aðstæður geta verið mismunandi skal safna hlutasýnum a. m. k. 100 g af skel víðsvegar um svæðið en ávallt sama magn á hverjum stað og þannig að safnsýni allra hlutasýna endurspegli vel það svæði sem er til rannsóknar. Skelin skal vera heil og lifandi. Safnsýni sem samanstendur af hlutasýnum skal vera a. m. k. 1 kg en þó aldrei færri en 50 skeljar.
4. Safnið 50 – 60 skeljum af öllum stærðum. samtals ekki undir 1 kg. og setjið í þéttan plastpoka. Gætið fyllsta hreinlætis
5. Sýnataka skal framkvæmd á þann hátt að hægt sé að auðkenna sýnin með öryggi. Merkja skal sýni með auðkenni / númeri. Neðangreindar upplýsingar ásamt auðkenni sýnis eiga þá að koma fram á sýnatökuseðli.
    a. Auðkenni sýnis (það sem er á sýninu)
    b. Tegund
    c. Sýnatökudag
    d. Staðsetningarhniti sýnatökustaðar
    e. Nafn framleiðslusvæðis
    f. Tilgreinið þá þætti sem skal mæla í skeldýrinu

b) Sýni tekið af framleiðslu einingum.

Við ákvörðun á fjölda sýna skal notast við eftirfarandi töflur.

Tafla 1. Lágmarksfjöldi hlutasýna sem skal taka úr framleiðslueiningu.

Þyngd framleiðslueiningar Kg	Lágmarksfjöldi hlutasýna
<50	3
50-500	5
>500	10

Tafla 2. Fjöldi hlutasýna sem mynda safnsýni ef framleiðslueiningin samanstendur af einstökum einingum.

Fjöldi umbúðaeininga eða eininga í framleiðslueiningu	Lágmarksfjöldi umbúða-eininga eða eining sem taka skal.
1-25	3
26-100	um 5 %, a.m.k 2 einingar
>100	um 5 %, a.m.k 10 einingar

Sé rannsóknarsýni tekið úr einsleitu safnsýni., skal taka tvöfalt magn í sýnið.

Pökkun og sending sýnis

Sýni í plastpoka skal sett í annan polyetylene plastpoka.
Skráið dagsetningu og auðkenni sýnis eins og það er á sýnatökuseðli á límmiða.
Lokið plastpokanum með því að brjóta upp á hann. Pokinn er innsiglaður með því að setja límmiðann yfir brotið. Komið sýninu fyrir í frauðplastkassa þannig að skeljarnar brotni ekki, merkið greinilega og sendið til rannsóknastofu sem MAST hefur tilgreint.

Sýnið skal geymt í kæli og verður að hafa borist til rannsóknastofu innan 24 klst. frá því það var tekið hafi það ekki verið fryst. **Ef ekki er hægt að tryggja að sýnin berist rannsóknastofu innan 24 klst. skal frysta sýnin sem fyrst eftir sýnatöku og senda þau við fyrsta tækifæri til rannsóknastofu**.

Hafa skal samband við rannsóknarstofu þegar sýnið er sent af stað. Listi yfir rannsóknastofur er á heimasíðu Matvælastofnunar.
Tilkynna sýnatöku til Matvælastofnunar skeldyr@mast.is
Sýnatökuseðill skal fylgja sýninu á rannsóknarstofu.